



Spáum 0,2% hækkun VNV í desember

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 22. desember n.k. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,0% í 1,9%.


Helstu áhrifavaldar milli mánaða

Yfirleitt eru skýra einungis nokkrir liðir næstum alla breytingu VNV milli mánaða. Að þessu sinni eru fjórir undirliðir sem við teljum að muni skipta mestu máli:

- **Flugfargjöld til útlanda** (+0,24% áhrif) Þrátt fyrir að þessi liður geti verið nokkuð óútreiknanlegur er nokkuð skýr árstíðarsveifla í verðþróun á flugi til útlanda. Verðin lækka að jafnaði milli mánaða í nóvember en hækka aftur í desember. Við gerum ráð fyrir um 18% hækkun í desember sem er ívið meiri hækkun en í fyrra.
- **Reiknuð húsaleiga** (+0,08% áhrif). Sem fyrr er það húsnæðisverð sem er helsti drifkraftur verðbólgunnar, en tólf mánaða breyting reiknaðrar húsaleigu mældist 9,1% í nóvember. Það sem af er ári hefur þessi liður að meðaltali hækkað um 0,7% milli mánaða., en við búumst við aðeins minni hækkun milli mánaða nú, eða 0,5%.
- **Föt og skór** (-0,09% áhrif). Um áramót falla niður tollar á fatnaði og skóm. Farið er að bera á að einstaka kaupmenn auglýsi útsölur, en þessi liður lækkaði um 0,5% milli mánaða í nóvember. Við gerum ráð fyrir frekari lækkun í desember, eða 2% sem er aðeins umfram það sem búast mætti við án tollaáhrifa.
- **Bensín** (-0,06% áhrif). Samkvæmt verðmælingu okkar hefur verð á eldsneyti lækkað um tæp 2% milli verðkannanavikna.


Alls skýra þessir fjórir liðir +0,17% áhrif. Við gerum ráð fyrir að heildaráhrif annarra liða verði í lágmarki.

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Vísitala neysluverðs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Verð á evru hefur hækkað lítillega milli verðmælingatímabilanna (+0,3%) en á móti vegur lækkun á verði Bandaríkjadals (-1,2%).

Helstu óvissuþættir í mánaðarspá

Eins og svo oft áður eru það flugfargjöld til útlanda sem mest óvissa er um. Nokkuð miklu getur munað á mælingum Hagstofunnar og helstu greinenda, enda getur verð á einstaka flugleiðum tekið töluverðum breytingum innan dags.

Bráðabirgðaspá til næstu mánaða

Bráðabirgðaspá okkar gerir ráð fyrir 0,5% lækkun í janúar, 0,7% hækkun í febrúar og 0,3% hækkun í mars. Gangi spáin eftir verður verðbólgan nálægt 2% í janúar og febrúar, en lækkar nokkuð skarpt í 1,3% í mars. Lækkun ársverðbólgu í mars á næsta ári skýrist af grunnáhrifum, en vísitala neysluverðs hækkaði töluvert í sama mánuði á þessu ári eða um 1%.


Horfur fyrir næstu mánuði

Mesta hækkun seinustu tólf mánuði hefur verið í þremur liðum: reiknaðri húsaleigu, hótél og veitingaþjónustu, og húsnæði án reiknaðrar húsaleigu. Þeir þrjú liðir sem hafa lækkað mest eru bensín, flugfargjöld til útlanda, og ökutæki.

Sem fyrr gerum við ráð fyrir að verðbólgan haldist hófleg fram á mitt næsta ár, meðal annars vegna mikill grunnáhrifa í febrúar og mars.


Önnur lota samningsbundinna launahækkana kemur til framkvæmda á öðrum ársfjórðungi ef kjarasamningum verður ekki sagt upp., Nafnlaunahækkarnir umfram framleiðnivöxt skila sér að jafnaði að lokum inn í verðlag. Auk þess er töluverður kraftur í innlendri eftirspurn núna. Það mældist 6,2% aukning í þjóðarútgjöldum milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins. Áhrifa launahækkana ætti að fara gæta með haustinu og búast má við að verðbólgan aukist nokkuð þá.

Flugfargjöld til útlanda - þróun seinni helmingis árs




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

12 mánaða breyting - nóv 2014 til nóv 2015



Heimild: Hagstofa Íslands

Gengisþróun



Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.